

Fylgiskjöl

Höfundur Ár Tímarit Land	Tilgangur	Snið Úrtak	Helstu niðurstöður	Athugasemdir
Bell, L., Goulet, C., Tribble, D.S., Paul, D., Boisclair, A., Tronick, E.Z. (2007). Journal of family nursing. Kanada.	Tilgangurinn var að skoða innbyrðis tengsl milli mæðra og ungbarna, feðra og ungbarna og þróun tengsla fyrstu fjóra mánuðina eftir fæðingu barna.	Eigindleg rannsókn. n= 18 pör. 108 hálfstöðluð viðtöl. Viðtöl tekin á fyrstu, sjöttu og 16. viku eftir fæðingu.	Meginþemu foreldranna voru frá því að vera engar breytingar á fjölskyldutengslum á fyrstu viku eftir fæðingu í að vera mjög óreiðukennd á sjöttu viku eftir fæðingu og verða síðan samfelld eining á 16. viku eftir fæðingu. Á fyrstu viku eftir fæðingu skynjuðu feður tilfinningalega nálægð við börn sín, voru ánægðir en samt hræddir. Á sjöttu viku eftir fæðingu var barnið orðið hluti af lífi feðranna. Við 16. viku voru foreldrarnir búnir að skilgreina sitt hlutverk við barnið.	Vantar að tala um styrkleika og takmarkanir rannsóknar.
Condon, J., Corkindale, C., Boyce, P., Gamble, E. (2013). Journal of reproductive and Infant Psychology. Ástralía.	Tilgangurinn var að rannsaka samband milli tengsla feðra við fóstur og áframhaldandi tengslamyndun við börn sex mánuðum og 12 mánuðum eftir fæðingu barna.	Megindleg. N =204 karlar. Þrjár mælingar gerðar.	Mikil samfella var á tengslum milli mælinga ásamt því að niðurstöður leiddu í ljós að samband við maka og andleg líðan feðra hafði mikil áhrif á tengslamyndun.	Vantar upplýsingar um styrkleika og veikleika rannsóknar.

Höfundur Ár Tímarit Land	Tilgangur	Snið Úrtak	Helstu niðurstöður	Athugasemdir
Diaz, C.D. (2014) Social science research. Bandaríkin.	Tilgangurinn var að skoða hvort skynjun karlmannna af því uppeldi sem þeir fengu í barnæsku hafi áhrif á hegðun þeirra sem foreldrar og sjálfsmat.	Megindleg rannsókn. Upplýsingar úr gagnagrunni. N=4050 karlar.	Niðurstöður leiddu í ljós að karlmenn sem fengu hlýju frá feðrum sínum í æsku voru líklegri til þess að finnast þeir vera góðir feður en þeir sem upplifðu ekki hlýju frá feðrum sínum í æsku fannst þeir þó einnig voru góðir feður og upplifðu minni streitu.	Takmarkanir eru þær að stuðst var við mat svarenda sjálfra á því uppeldi sem þeir fengu og því uppeldi sem þeir taka þátt í. Upplýsingar voru fengnar úr einum gagnagrunni. Einnig voru upplýsingar um sjálfsmat á uppeldi, uppeldislegru streitu og mælingar á þátttöku feðranna í uppeldi safnað á einum tímapunkti og getur því ekki varpað ljósi á föðurhlutverkið í heild sinni.
Fenwick, J., Bayes, S. og Johansson, M. (2012). Sexual & Reproductive Healthcare. Ástralía.	Tilgangurinn var að rannsaka og lýsa reynslu karlmannna af meðgöngu og væntingum um fæðingar.	Eigindleg rannsókn. Lýsandi. N= 12 karlar.	Fimm þemu komu fram í niðurstöðum. Fréttir af meðgöngu. Miklar breytingar, aðlaga sig að meðgöngu og vinna að því að sjá hlutina í öðru ljósi, yfirvofandi fæðing, mæðraskoðun - finnast þeir vera á hliðarlínunni. Að lokum var þema um reynslu feðra af meðgöngu.	Kemur inn á mikilvægi þess að halda betur utan um feður í mæðravernd. Vantar upplýsingar um styrkleika og takmarkanir.

Höfundur Ár Tímarit Land	Tilgangur	Snið Úrtak	Helstu niðurstöður	Athugasemdir
Grossmann, K., Grossmann, K.E., Fremmer-Bombik, E., Kindler, H., Scheuerer-Englisch, H. og Zimmermann, P. (2002). Social Development. Þýskaland.	Tilgangurinn var að kanna sérstöðu tengsla milli feðra og ungbarna frá fæðingu barna og til sextán ára aldurs.	Megindleg rannsókn. Athuganir og viðtöl. N= 44 fjölskyldur.	Niðurstöður leiddu í ljós að næmni feðra í leik gefur betra forspárgildi um langtíma birtingarmynd tengsla heldur en snemmbúin myndun öruggra tengsla við feður.	Takmarkanir eru menning, tími og hópurinn sem rannsakaður var. Fjölskyldurnar komu frá norðurhluta Þýskalands og voru fengnar til að taka þátt í rannsókninni árið 1970 þar sem frekar hefðbundin viðhorf voru um hlutverk mæðra og feðra. Því gæti verið erfitt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar. Úrtakið er einnig lítið. Styrkleiki rannsóknarinnar er að hún er langtímarannsókn.
Guzzo, K. B. (2011). Fathering. Bandaríkin.	Tilgangurinn er að skoða hvernig persónuleiki og nærvera feðra og þátttaka þeirra í uppeldi í æsku karlmanna hefur áhrif á skynjun nýbakaðra feðra á uppeldi.	Megindleg rannsókn. Upplýsingar teknar úr gagnagrunni. N= 3525 karlmenn.	Rannsóknin leiddi í ljós að þeir karlmenn sem ólust upp með feðrum sem tóku lítið þátt í uppeldi voru ólíklegir til þess að vera sammála þeirri fullyrðingu að feður séu valdímýnd fyrir börn sín. Þeir karlmenn sem ekki höfðu haft föðurímýnd í barnæsku voru síður sammála þeirri fullyrðingu að feður væri mikilvægir sem fjárhagslegur stuðningur og í umönnun. Veik tengsl voru milli þess að karlmenn hefðu átt góða föðurímýnd og viðhorfum til föðurhlutverksins.	Takmarkanir á þessari rannsókn voru tengdar mælingum á viðhorfum feðranna til uppeldis. Fyrst voru viðhorfin mæld rétt fyrir fæðingu sem er oft mjög tilfinningaríkur tími og einkennist oft af jákvæðum hugmyndum foreldranna um uppeldi. Einnig gæti verið að þær hugmyndir sem samfélagið í dag hefur um karlmenn og uppeldi geti smitað skoðanir feðranna. Einnig voru upplýsingar um þátttöku feðra í æsku ófullnægjandi. Gagnagrunnurinn sem stuðst var við er ekki lýsandi fyrir þýðið.

Höfundur Ár Tímarit Land	Tilgangur	Snið Úrtak	Helstu niðurstöður	Athugasemdir
Räihä, H., Lehtonen, L., Huhtala, V., Saleva, K. og Korvenranta, H. (2002). Child Care Health Development. Finland.	Tilgangurinn var að meta samskipti milli mæðra og ungbarna, feðra og ungbarna og milli foreldra í fjölskyldum þar sem ungbörn grétu mikið.	Megindleg rannsókn. N= 32 fjölskyldur. ungbarna sem grétu mikið, skipt upp í 2 hópa eftir alvarleika óvæðar og 30 fjölskyldur í samanburðarhópi.	Rannsóknin leiddi í ljós að báðir foreldrar ungbarna sem voru óvæð höfðu ekki eins góð samskipti við börn sín og samanburðarhópurinn. Best mátti sjá þetta í samskiptum feðra og ungbarna sem grétu mikið og voru í þeim hóp þar sem voru mjög óvæð ungbörn. Ungbörn sem voru mjög óvæð voru einnig síður fær um að eiga í samskiptum við foreldra sína.	Vantar upplýsingar um styrkleika og veikleika.
Lucassen, N., Tharner, A., Van IJzendoorn, M. H., Bakermans- Kranenburg, M. J., Volling, B. K., Verhulst, F. C., Lambregtse-Van den Berg, M. P. og Tiemeier, H. (2011). Journal of family psychology. Holland.	Tilgangurinn var að skoða tengsl milli næmni feðra og tengsla feðra við ungbörn.	Heildargreining. 16 rannsóknir. N= 1355.	Heildargreiningin leiddi í ljós að því næmari sem feður voru því öruggari voru tengslin milli feðra og ungbarna. Það voru ekki sterkari tengsl milli þess að feður væru næmir í leik og örvuðu börnin á öryggi tengslamyndunar. Ekki voru sterkari tengsl milli næmni og öryggi tengsla eftir því sem rannsakendur komust nær okkur í tíma.	Takmarkanir eru þær að vegna þess hve fáar rannsóknirnar eru þarf að fara varlega í að túlka niðurstöðurnar.

Höfundur Ár Tímarit Land	Tilgangur	Snið Úrtak	Helstu niðurstöður	Athugasemdir
Ramchandani, P., Stein, A., Evans, J. og O'Connor, T. G. (2005). The Lancet. Bretland.	Tilgangurinn var að meta fæðingarpunglyndi hjá feðrum eftir fæðingu.	Megindleg rannsókn. N =hjá feðrum var 12884. N= hjá mæðrum var 13351. N= hjá börnum var 10024.	Rannsóknin leiddi í ljós að fæðingarpunglyndi feðra var tengt við andlega líðan og hegðun barna við þriggja og fimm ára aldur. Einnig voru auknar líkur á hegðunarvandamálum hjá drengjum.	Helstu styrkleikar rannsóknarinnar eru stærð úrtaks og notkun viðurkenndra mælikvarða. Einnig var reynt að koma í veg fyrir skekkjur vegna mats á punglyndi. Helsta takmörkun rannsóknarinnar var að ekki var hægt að gera formlegt geðmat.
Yago, S., Hirose, T., Okamitsu, M., Okabayashi, Y., Hiroi, K., Nakagawa, N. og Omori, T. (2014). Journal of medical and dental science. Japan.	Tilgangurinn var að bera saman samskipti feðra og ungbarna við samskipta mæðra og ungbarna.	Megindleg rannsókn. Þægindaúrtak. N= 16 foreldrar.	Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að enginn marktækur munur væri á milli foreldra en samskipti ungbarna við feður voru þó frekar skilyrt heldur en hjá mæðrum. Einkenni fæðingarpunglyndis voru tengd næmni foreldra fyrir þörfum barnanna.	Takmarkanir rannsóknarinnar eru lítið úrtak og þær aðferðir sem notaðar voru til þess að safna því saman. Því ber að túlka niðurstöður rannsókna varfærnislega. Þessi rannsókn var einnig gerð í Japan og því er spurning hvort hægt sé að færa niðurstöðurnar yfir á vestrænt samfélag.